

Fjarðarheiðargöng | Seyðisfjarðarvegur og Hringvegur - Matsferlið



Í **matsáætlun** leggur Vegagerðin fram áætlun sína um fyrirkomulag mats á umhverfisáhrifum og hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu á í **umhverfismatsskýrslu**.

Gerð er grein fyrir valkostum, rannsóknaráætlun og hvernig kynningu og samráði verður háttað við gerð frummatsskýrslu.

Samkvæmt þágildandi lögum tók Skipulagsstofnun **ákvörðun** um matsáætlun, sem inniheldur leiðbeiningar til Vegagerðarinnar um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu

Í **umhverfismatsskýrslu** gerir Vegagerðin grein fyrir þeim þáttum framkvæmdar sem munu hafa áhrif á umhverfið.

Gerð er grein fyrir grunnástandi umhverfis, niðurstöðum rannsókna og með hvaða hætti umhverfið kann að breytast með tilkomu framkvæmdar.

Lagt er mat á vægi áhrifa og valkostir bornir saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Gerð er grein fyrir mótvægisaðgerðum og vöktun þar sem það á við.

Síðasta skref matsferilsins er að Skipulagsstofnun gefur **álit** sitt um umhverfismatið.

Stofnunin fjallar um forsendur, aðferðir og ályktanir um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og kemur fram með rökstudda niðurstöðu stofnunarinnar um umhverfismatið

Stofnunin getur sett fram frekari skilyrði eða mótvægisaðgerðir en koma fram í umhverfismatsskýrslu.